

**REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR SKULDABRÉFA**

NASDAQ ICELAND HF.  
ÚTGEFNAR 1. JANÚAR 2024

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>1.TAKA SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA</b> .....	<b>4</b>
1.1 FERLIÐ VEGNA TÖKU SKULDABRÉFA NÝRRA ÚTGEFENDA TIL VIÐSKIPTA.....	4
1.2 FERLIÐ VEGNA TÖKU SKULDABRÉFA ÁÐUR SAMÞYKKTRA ÚTGEFENDA TIL VIÐSKIPTA .....	5
1.3 ALMENN SKILYRÐI FYRIR TÖKU SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA .....	6
<b>2.UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFENDA SKULDABRÉFA</b> .....	<b>9</b>
<b>ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA</b> .....	<b>9</b>
2.1 ALMENN ÁKVÆÐI.....	9
2.2 VEFSETUR.....	9
<b>ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDA</b> .....	<b>9</b>
2.3 INNGANGUR .....	9
2.4 BIRTING FJÁRHAGSUPPLÝSINGA.....	9
<b>UPPLÝSINGAR TIL KAUPHALLAR</b> .....	<b>10</b>
2.5 UPPLÝSINGAR SEM SENDAR ERU Í EFTIRLITSSKYNI .....	10
2.6 UPPLÝSINGAGJÖF SEM ER TALIN NAUÐSYNLEG TIL AÐ TRYGGJA SANNGJÖRN OG SKIPULEG VIÐSKIPTI .....	10
2.7 INNLAUSN, FYRIRFRAMGREIÐSLA EÐA ENDURKAUP SKULDABRÉFA FYRIR LOKAGJALDDAGA.....	10
<b>3.ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA</b> .....	<b>11</b>
3.1 GJÖLD.....	11
3.2 SKIMUN Á ÚTGEFANDA (E. SANCTIONS SCREENING) .....	11
3.3 ÁTHUGUNARMERKING .....	11
3.4 ÚRRÆÐI VEGNA BROTA Á REGLUM.....	11
3.5 MÁLUM VÍSAÐ TIL VIÐURLAGANEFNDAR .....	12
3.6 ÚTGEFANDI UPPFYLLIR EKKI SKILYRÐI FYRIR TÖKU FJÁRMÁLAGERNINGA TIL VIÐSKIPTA .....	12
3.7 TAKA FJÁRMÁLAGERNINGA ÚR VIÐSKIPTUM.....	12
3.8 BREYTINGAR Á REGLUM .....	13
3.9 GILDISTAKA.....	13

## INNGANGUR

Reglur þessar („reglurnar“) gilda fyrir útgefendur fjármálagerninga („útgefendur“) sem hafa sent beiðni um að hefja ferli vegna töku skuldabréfa, víxla eða annarra fasttekjuverðbréfa (e. fixed income securities) til viðskipta (hér eftir „skuldabréf“), hafa óskað eftir töku skuldabréfa til viðskipta eða hafa skuldabréf tekin til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf. („Kauphöllin“ eða „Nasdaq Iceland“). Ákvæði 2. kafla, varðandi upplýsingaskyldu, eiga einungis við um útgefendur skuldabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta eða óskað hefur verið eftir að tekin verði til viðskipta.

Með undirritun samnings við Kauphöllina um töku skuldabréfa til viðskipta skuldbindur útgefandi sig til að fylgja viðeigandi ákvæðum í reglunum. Afmörkuð ákvæði í reglunum gilda einnig fyrir útgefendur sem sótt hafa um að hefja ferli vegna töku skuldabréfa til viðskipta.

Reglurnar eru gefnar út af Kauphöllinni í samræmi við lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laganna skal kauphöll setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta. Reglurnar skulu tryggja að fjármálagerningar sem teknir eru til viðskipta á markaðnum séu þess eðlis að hægt sé að stunda viðskipti með þá á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Þegar um er að ræða verðbréf skulu reglurnar tryggja að þau séu framseljanleg án takmarkana.

Reglurnar, sem eru settar til viðbótar og áréttingar ákvæðum laga og reglugerða, kveða m.a. á um skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og upplýsingaskyldu útgefenda. Um einstakar tegundir fjármálagerninga er fjallað á sambærilegan hátt, þ.e. tiltekin eru skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta og kröfur um upplýsingaskyldu.

Fyrstu tveir kaflar reglnanna fjalla um töku til viðskipta og upplýsingaskyldu. Lokakaflinn hefur svo að geyma sameiginleg ákvæði um gjöld, athugunarmerkingu, úrræði vegna brota á reglum, ákvörðun um beitingu viðurlaga, ráðstafanir ef útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku skuldabréfa til viðskipta, töku skuldabréfa úr viðskiptum, breytingar á reglunum og gildistöku.

Víða í reglunum má finna skýringartexta, skáletraðan í skyggðum reit, sem eru ætlaðir til nánari útskýringar og túlkunar á reglunum. Eigi ber að líta svo á að um bindandi eða tæmandi skýringar sé að ræða.

Reglur Kauphallarinnar ásamt eyðublöðum vegna töku til viðskipta má nálgast á vefsetri Nasdaq:

<https://www.nasdaq.com/solutions/rules-regulations-iceland>.

<https://www.nasdaq.com/solutions/european-surveillance-general-listing-forms>

## 1. TAKA SKULDABRÉFA TIL VIÐSKIPTA

### 1.1 Ferlið vegna töku skuldabréfa nýrra útgefenda til viðskipta

#### 1.1.1 *Gildissvið kaflans*

Ákvæði kafla 1.1 eiga einungis við ef önnur verðbréf útgefandans eru ekki þegar í viðskiptum í Kauphöllinni þegar sótt er um töku skuldabréfaflokks til viðskipta.

#### 1.1.2 *Beiðni um að hefja ferli vegna töku skuldabréfa til viðskipta*

Útgefandi sem óskar eftir töku skuldabréfa til viðskipta skal senda Kauphöllinni beiðni um að hefja ferli vegna töku skuldabréfa til viðskipta. Kauphöllin mun hefja ferlið þegar útgefandi hefur, að lágmarki, afhent þau fylgigögn sem tilgreind eru í tölulíðum 1-6 í ákvæði 1.1.3 ásamt fullbúnum drögum að lýsingu.

*Eðlilegt er að viðræður um töku skuldabréfa til viðskipta hefjist áður en beiðni um að hefja ferli er send Kauphöllinni. Kauphöllin mælist til þess að útgefendur leiti ráða hjá Kauphöllinni tímanlega og óski eftir fundi með fulltrúum hennar til að fara yfir ferlið vegna töku skuldabréfa til viðskipta.*

*Drög að lýsingu teljast fullbúin ef þau innihalda allar þær upplýsingar sem lýsing skal innihalda samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða og ekki er ráðgert að frekari efnislegar breytingar verði gerðar á lýsingunni. Kauphöllin getur þó samþykkt að hefja ferli vegna töku til viðskipta þrátt fyrir að drög að lýsingu teljist ekki fullbúin.*

#### 1.1.3 *Fullbúin umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta*

Umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta telst fullbúin þegar eftirtalin fylgigögn hafa borist Kauphöllinni:

1. umsóknareyðublað vegna beiðni um að hefja ferli vegna tölu skuldabréfa til viðskipta,
2. endurskoðaðir ársreikningar, eða samstæðureikningar ef við á, undarfarin tvö ár, nema undanþága hafi verið veitt af Kauphöllinni, áritaðir af löggiltum endurskoðanda og síðasti árshlutareikningur, eða samstæðureikningur, vegna yfirstandandi árs, ef við á,
3. vottorð úr fyrirtækjaskrá, þ.e. staðfesting á skráningu útgefanda í fyrirtækjaskrá, ef við á, eða, sé um erlendan útgefanda að ræða, staðfesting frá sambærilegu yfirvaldi í því landi þar sem útgefandi er skráður,
4. gildandi samþykktir útgefanda, ef við á,
5. útfyllt eyðublað með upplýsingum um skilmála skuldabréfaflokksins,
6. undirrituð fundargerð stjórnar eða viðeigandi stjórnareiningar innan útgefanda þar sem staðfest er ákvörðun um að sækja um töku skuldabréfanna til viðskipta,
7. umsóknareyðublað vegna töku skuldabréfa til viðskipta, undirritað af meirihluta stjórnar útgefanda eða öðrum þeim sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd útgefanda,

8. staðfest lýsing ásamt vottorði frá lögbæru yfirvaldi sem staðfesti lýsinguna og, ef við á, upplýsingum um undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu sem veittar hafa verið af lögbæru yfirvaldi,
9. afrit af skuldabréfi eða staðfesting á því að skuldabréf sem taka á til viðskipta hafi verið skráð rafrænt í verðbréfamiðstöð ásamt útgáfulýsingu vegna rafrænnar skráningar.

Kauphöllinni er heimilt að óska þess að lögð séu fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta.

*Eyðublað má nálgast á vefsetri Nasdaq, <http://business.nasdaq.com/>.*

*Kauphöllin tekur gildar lýsingar og viðauka sem staðfest hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hafi lýsing verið staðfest af lögbæru yfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu en utan Íslands skal útgefandi leggja fram til Kauphallarinnar staðfestingu frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um að tilkynning hafi borist frá viðeigandi lögbæru yfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu um að lýsingin uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til lýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu.*

## **1.2 Ferlið vegna töku skuldabréfa áður samþykktur útgefanda til viðskipta**

### **1.2.1 Gildissvið kaflans**

Ákvæði kafla 1.2 eiga einungis við ef önnur verðbréf útgefandans eru þegar í viðskiptum í Kauphöllinni þegar sótt er um töku skuldabréfaflokks til viðskipta.

### **1.2.2 Tímastrestur varðandi stækkunir**

Ef útgefandi ákveður að stækka flokk skuldabréfa sem þegar er í viðskiptum skal hann senda umsókn til Kauphallarinnar um töku til viðskipta á skuldabréfum sem nema stækkuninni. Skal umsókn send eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 4 vikum eftir að skuldabréf sem nema stækkun flokksins hafa verið gefin út. Sé útgefanda ekki skylt að útbúa lýsingu skal umsókn send án tafar eftir að skuldabréf sem nema stækkun flokksins hafa verið gefin út.

### **1.2.3 Umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta**

Með umsókn um töku til viðskipta skal fylgja:

1. Afrit af skuldabréfi eða staðfesting á því að skuldabréf sem taka á til viðskipta hafi verið skráð rafrænt í verðbréfamiðstöð ásamt útgáfulýsingu vegna rafrænnar skráningar eða, ef um er að ræða stækkun, staðfesting á því að skuldabréf sem nema stækkuninni hafi verið skráð rafrænt í verðbréfamiðstöð, ef við á,
2. útfyllt eyðublað með upplýsingum um skilmála skuldabréfaflokksins, ef um er að ræða flokk skuldabréfa sem ekki er fyrir í viðskiptum í Kauphöllinni,
3. staðfest lýsing ásamt vottorði frá lögbæru yfirvaldi sem staðfesti lýsinguna, ef við á, og upplýsingum um undanþágur frá birtingu tiltekinna upplýsinga í lýsingu sem veittar hafa verið af lögbæru yfirvaldi, ef við á.

Kauphöllinni er heimilt að óska þess að lögð séu fram frekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta.

Umsókn skal undirrituð af meirihluta stjórnar útgefanda eða öðrum þeim sem hefur heimild til að koma fram fyrir hönd útgefanda.

*Eyðublöð má nálgast á vefsetri Nasdaq, <http://business.nasdaq.com/>.*

*Kauphöllin tekur gildar lýsingar og viðauka sem staðfest hafa verið af lögbærum yfirlögum á Evrópska efnahagssvæðinu. Hafi lýsing verið staðfest af lögbæru yfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu en utan Íslands skal útgefandi leggja fram til Kauphallarinnar staðfestingu frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um að tilkynning hafi borist frá viðeigandi lögbæru yfirvaldi á Evrópska efnahagssvæðinu um að lýsingin uppfylli þau skilyrði sem gerð eru til lýsinga á Evrópska efnahagssvæðinu.*

### **1.3 Almenn skilyrði fyrir töku skuldabréfa til viðskipta**

#### **1.3.1 Samningur við Kauphöllina**

Útgefandi skal hafa í gildi undirritaðan samning við Kauphöllina um töku fjármálagerninga til viðskipta.

#### **1.3.2 Viðskipti án takmarkana**

Viðskipti með skuldabréfin skulu vera án takmarkana. Kauphöllin getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði enda trúfli slíkar takmarkanir ekki viðskipti með skuldabréfin á nokkurn hátt.

#### **1.3.3 Jöfn réttindi eigenda skuldabréfa**

Sækja skal um að öll útgefin skuldabréf í viðkomandi flokki skuldabréfa verði tekin til viðskipta. Með flokki skuldabréfa er átt við einsleit skuldabréf þar sem réttindi eigenda og skilmálar skuldabréfanna eru að öllu leyti hin sömu.

*Skuldabréf teljast útgefin í skilningi reglnanna um leið og þau hafa verið seld til þriðja aðila í frummarkaðsviðskiptum. Kauphöllin rekur eftirmarkað (e. secondary market) og getur því ekki tekið skuldabréf til viðskipta sem ekki hafa verið seld, þar sem fyrstu viðskipti með óseld skuldabréf teljast til frummarkaðsviðskipta (e. primary market transaction).*

#### **1.3.4 Geta til að veita upplýsingar til markaðarins**

Áður en taka skuldabréfa til viðskipta fer fram og eftirleiðis verður útgefandi að innleiða og viðhalda fullnægjandi verkferlum, eftirliti og kerfum, svo sem kerfum og ferlum fyrir reikningsskil, til að hann geti uppfyllt kröfur Kauphallarinnar um að veita markaðnum tímanlegar, áreiðanlegar, nákvæmar og nýjustu upplýsingar.

#### **1.3.5 Mikilvægar upplýsingar**

Kauphöllin getur farið fram á að ákveðnar upplýsingar sem hún telur að séu mikilvægar eða til hagsbóta fyrir fjárfesta séu gerðar aðgengilegar á vefsetri útgefanda áður en skuldabréf hans eru tekin til viðskipta, að því gefnu að upplýsingarnar komi ekki fram í lýsingu. Á þessi krafa einnig við um útgefendur skuldabréfa sem eru undanþegnir kröfu um útgáfu lýsingar.

### 1.3.6 **Stærð skuldabréfaflokks**

Áætlað markaðsvirði skuldabréfaflokks skal að lágmarki vera fjárhæð sem nemur að jafnvirði 500 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Kauphöllin getur tekið minni flokka skuldabréfa til viðskipta ef líkur eru á nægum markaði og viðskiptum með skuldabréfin þannig að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað. Áætlað markaðsvirði skuldabréfaflokks skal þó aldrei vera lægri en fjárhæð sem nemur að jafnvirði 200 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

### 1.3.7 **Hæfi**

Kauphöllinni er heimilt að hafna umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta, telji hún að taka skuldabréfanna til viðskipta sé skaðleg verðbréfamarkaðnum eða hagsmunum fjárfesta þótt öllum skilyrðum fyrir töku skuldabréfa til viðskipta sé fullnægt.

*Í undantekningartilvikum getur útgefandi, sem sækir um töku skuldabréfa til viðskipta, verið talinn óhæfur fyrir töku skuldabréfa til viðskipta þrátt fyrir að hann uppfylli öll skilyrði, t.d. þegar talið er að taka skuldabréfa útgefanda til viðskipta geti skaðað traust á verðbréfamarkaðnum. Ef útgefandi er, þrátt fyrir að uppfylla öll skilyrði fyrir töku skuldabréfa til viðskipta, talinn draga úr trausti á verðbréfamarkaði vegna reksturs síns eða skipulags getur Kauphöllin ákveðið að athugunarkerkja skuldabréfin eða tekið þau úr viðskiptum.*

*Til að viðhalda trausti almennings á markaðnum er mikilvægt að einstaklingar, sem bera stjórnunarlega ábyrgð hjá útgefanda, þar með taldir stjórnarmenn, eigi ekki feril að baki sem lagt getur í hættu orðspor útgefanda og dregið úr trausti á markaðnum. Mikilvægt er að ferill slíkra einstaklinga sé birtur með fullnægjandi hætti í aðdraganda töku skuldabréfanna til viðskipta, t.d. sem hluti af þeim upplýsingum sem settar eru fram í lýsingu, ef við á. Útgefandi skal t.d. meta hvort birta skuli upplýsingar af sakaskrá viðkomandi, upplýsingar er varða aðild að gjaldþroti og því um líku. Í alvarlegustu tilvikum, hafi viðkomandi gerst sekur um lögbrot, sér í lagi er varðar efnahagsbrot, hafi hann átt aðild að fjölda gjaldþrota, eða hafi hann borið stjórnunarlega ábyrgð hjá útgefanda sem hefur brotið alvarlega eða með ítrekuðum hætti gegn reglum Kauphallarinnar getur slíkt komið í veg fyrir að skuldabréf útgefanda verði tekin til viðskipta nema sá einstaklingur hafi verið sviptur stjórnunarstöðu sinni hjá útgefanda.*

### 1.3.8 **Stjórn og framkvæmdastjórn**

Áður en skuldabréf útgefanda eru tekin til viðskipta í fyrsta sinn skulu aðilar í stjórn og framkvæmdastjórn útgefanda sækja námskeið hjá Kauphöllinni um skyldur útgefanda skráðra fjármálagerna.

### 1.3.9 **Breytanleg skuldabréf**

Breytanleg skuldabréf (e. convertible bonds) geta einungis verið tekin til viðskipta ef útgefendur þeirra eru með hlutabréf sín í viðskiptum á skipulegum markaði.

#### 1.3.9.1 **Undanþágur**

Kauphöllin getur samþykkt umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta, jafnvel þó að félag uppfylli ekki öll skilyrði fyrir töku til viðskipta, ef hún telur tryggt að:

- i. markmið viðeigandi skilyrða eða lögboðinna skilyrða séu ekki í hættu eða
- ii. að markmiðum ákveðinna skilyrða megi ná eftir öðrum leiðum.



## 2. UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFENDA SKULDABRÉFA

### ALMENNAR REGLUR UM BIRTINGU UPPLÝSINGA

#### 2.1 Almenn ákvæði

Útgefandi skal birta innherjaupplýsingar í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

#### 2.2 Vefsetur

Útgefanda ber að halda úti eigin vefsetri sem veitir aðgang í fimm ár hið minnsta að þeim upplýsingum sem honum er skylt að birta samkvæmt upplýsingaskyldu sem hvílir á útgefanda.

Setja skal upplýsingarnar á vefsetrið eins fljótt og unnt er eftir að þær hafa verið birtar opinberlega.

*Útgefanda er skylt að halda úti eigin vefsetri til að tryggja að markaðurinn hafi aðgang að upplýsingum um útgefandann.*

*Þetta ákvæði gildir frá þeim degi er útgefandi sækir um að skuldabréf hans verði tekin til viðskipta. Ákvæðið gildir einnig um ársskýrslur og lýsingar.*

### ÖNNUR UPPLÝSINGASKYLDA

#### 2.3 Inngangur

Í þessum kafla eru gerðar vissar kröfur um upplýsingagjöf umfram kröfur laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu og reglugerðar nr. 596/2014 um markaðssvik. Ávallt skal því birta þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessum kafla óháð því hvort um er að ræða birtingarskyldar innherjaupplýsingar samkvæmt lögum og reglugerð. Nema annað sé tekið fram skulu upplýsingar sem ber að birta samkvæmt kafla þessum birtar með sama hætti og innherjaupplýsingar, óháð því hvort þær teljast innherjaupplýsingar.

#### 2.4 Birting fjárhagsupplýsinga

Þessi grein gildir ekki um ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins, Færeyja eða Grænlands.

Útgefandi, að undanþegnum sveitarfélögum, skal birta opinberlega ársreikning, eða samstæðureikning ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess.

Sveitarfélög skulu birta opinberlega ársreikning sinn eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsársins og eigi síðar en hann er lagður fram til umræðu hjá sveitarstjórn. Ef gerðar eru efnislegar breytingar á ársreikningnum áður en hann er samþykktur af sveitarstjórn, eða ef áritun endurskoðanda er ekki á stöðluðu formi, skal birta samþykktan og endurskoðaðan ársreikning opinberlega eins fljótt og auðið er.

Útgefandi, að undanþegnum sveitarfélögum, skal birta opinberlega árshlutareikning vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins, eða samstæðureikning ef við á, eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum þess.

Sé árs hlutareikningur endurskoðaður eða kannaður af endurskoðanda skal áritun endurskoðanda fylgja.

Ef áritun er ekki á stöðluðu formi skal útgefandi vekja athygli á árituninni og efni hennar í upphafi tilkynningar. Áritun endurskoðanda telst ekki vera á stöðluðu formi ef endurskoðandi hefur bætt við ábendingarmálgrein eða hefur ekki veitt fyrirvaralaus áritun án breytinga.

*Undanþága frá því að birta opinberlega reglulegar upplýsingar sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu undanskilur ekki útgefendur frá því að birta opinberlega ársreikning og árs hlutareikning í samræmi við ofangreint.*

## UPPLÝSINGAR TIL KAUPHALLAR

### 2.5 Upplýsingar sem sendar eru í eftirlitsskyni

Samhliða opinberri birtingu skal útgefandi senda Kauphöllinni upplýsingarnar í eftirlitsskyni á þann hátt sem Kauphöllin ákveður.

*Upplýsingar sem sendar eru í eftirlitsskyni skulu sendar rafrænt á þann hátt sem Kauphöllin kveður á um. Útgefanda er heimilt að hafa samband við Kauphöllina til að fá leiðbeiningar um framkvæmdina.*

### 2.6 Upplýsingagjöf sem er talin nauðsynleg til að tryggja sanngjörn og skipuleg viðskipti

Telji Kauphöllin að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem leiða til verulegrar óvissu um útgefandann eða verðlagningu skuldabréfanna sem tekin hafa verið til viðskipta og að viðbótarupplýsinga sé þörf svo Kauphöllin geti tryggt sanngjörn og skipuleg viðskipti með skuldabréf útgefandans, er Kauphöllinni heimilt að skylda útgefandann til að birta nauðsynlegar upplýsingar.

### 2.7 Innlausn, fyrirframgreiðsla eða endurkaup skuldabréfa fyrir lokagjalddaga.

Útgefandi sem innleysir, fyrirframgreiðir eða kaupir til baka útistandandi skuldabréf, sem eru í viðskiptum í Kauphöllinni, í heild eða að hluta fyrir lokagjalddaga þeirra, í þeim tilgangi að fella niður eða minnka viðkomandi flokk(a) skuldabréfa, skal senda Kauphöllinni staðfestingu á innlausn, fyrirframgreiðslu eða endurkaupum, eins fljótt og auðið er.

*Markmiðið með ákvæðinu er að tryggja að stærð skuldabréfaflokka í viðskiptakerfi Kauphallarinnar endurspegli raunverulegt magn útistandandi skuldabréfa.*

*Athuga skal einnig að slíkar aðgerðir geta falið í sér innherjaupplýsingar og ber í slíkum tilfellum að greina frá þeim opinberlega í samræmi við almenna ákvæðið.*

### 3. ALMENNAR REGLUR FYRIR ÚTGEFENDUR FJÁRMÁLAGERNINGA

#### 3.1 Gjöld

Útgefandi skal greiða gjöld vegna töku fjármálagerninga til viðskipta og önnur gjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Kauphallarinnar hverju sinni.

#### 3.2 Skimun á útgefanda (e. Sanctions screening)

Útgefandi skal standast skimun af hálfu Kauphallarinnar vegna innlendra og alþjóðlegra þvingunaraðgerða. Skimun er framkvæmd á útgefanda og öðrum viðeigandi aðilum hverju sinni. Jafnframt getur Kauphöllin gert kröfu um að útgefandi standist skimun hvenær sem er á meðan fjármálagerningar útgefanda eru til viðskipta í Kauphöllinni.

#### 3.3 Athugunarmerking

Kauphöllin getur ákveðið að athugunarmerkja fjármálagerninga útgefanda ef:

- i. útgefandinn uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta að verulegu leyti,
- ii. útgefandi hefur brotið með alvarlegum hætti gegn öðrum kauphallarreglum,
- iii. útgefandinn hefur sótt um að fjármálagerningar hans verði teknir úr viðskiptum,
- iv. uppi er umtalsverð óvissa um fjárhagslega stöðu útgefandans eða
- v. hverjar aðrar aðstæður eru fyrir hendi sem leiða af sér umtalsverða óvissu varðandi útgefandann eða verðmyndun fjármálagerninganna.

*Til ábendingar fyrir markaðinn geta fjármálagerningar útgefanda fengið tímabundna athugunarmerkingu. Markmiðið með athugunarmerkingu er að vekja athygli markaðarins á sérstökum aðstæðum sem tengjast útgefandanum eða fjármálagerningum hans sem fjárfestar ættu að gefa gaum. Ástæður fyrir því að fjármálagerningar eru athugunarmerktir geta verið mismunandi. Fjármálagerningar skulu vera athugunarmerktir í takmarkaðan tíma, vanalega ekki lengur en sex mánuði.*

#### 3.4 Úrræði vegna brota á reglum

Telji Kauphöllin að útgefandi uppfylli ekki lengur reglur þessar eða ákvarðanir, sem Kauphöllin tekur á grundvelli þeirra, skal gera honum grein fyrir því. Í samræmi við ákvæði samnings Kauphallarinnar og viðkomandi útgefanda vegna töku fjármálagerninga hans til viðskipta í Kauphöllinni getur Kauphöllin ákveðið að:

1. krefjast upplýsinga frá viðkomandi útgefanda.
2. athugunarmerkja fjármálagerninga viðkomandi útgefanda tímabundið.
3. áminna útgefandann fyrir brot á reglum.
4. birta opinbera yfirlýsingu varðandi umrætt mál.
5. setja skilyrði fyrir viðskiptum eða stöðva viðskipti með fjármálagerninga útgefanda. Slík stöðvun viðskipta getur verið tímabundin eða gilt um óákveðinn tíma.
6. beita útgefandann viðurlögum í formi févítis allt að tífoldu árgjaldi útgefanda vegna töku fjármálagerninga til viðskipta í Kauphöllinni, séu sakir miklar að mati Kauphallarinnar.
7. taka fjármálagerninga útgefanda úr viðskiptum Kauphallarinnar um tíma eða varanlega.

Kauphöllin beitir ekki viðurlögum á grundvelli ákvæðis 2.1.

### 3.5 Málum vísað til Viðurlaganefndar

Telji Kauphöllin að útgefandi hafi brotið gegn ákvæðum um upplýsingaskyldu samkvæmt 2. kafla og að brotið geti varðað viðurlögum samkvæmt 4. – 7. t.l. ákvæðis 3.4 skal slíkt mál tekið til meðferðar hjá Viðurlaganefnd Kauphallarinnar. Kauphöllinni er þó ávallt heimilt að óska eftir því að Viðurlaganefnd Kauphallarinnar taki mál til meðferðar er varða möguleg brot gegn öðrum ákvæðum reglnanna.

Um meðferð mála fyrir Viðurlaganefnd Kauphallarinnar fer samkvæmt reglum um Viðurlaganefnd Nasdaq Iceland.

### 3.6 Útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta

Uppfylli útgefandi fjármálagerninga ekki lengur skilyrði fyrir töku fjármálagerninga hans til viðskipta skal það tilkynnt Kauphöllinni um leið og útgefanda er kunnugt um það. Útgefandi skal gera viðeigandi ráðstafanir í samráði við Kauphöllina.

### 3.7 Taka fjármálagerninga úr viðskiptum

#### 3.7.1 Útgefandi getur óskað þess að fjármálagerningar hans séu teknir úr viðskiptum.

*Beiðni útgefanda til Kauphallarinnar um að fjármálagerningar hans verði teknir úr viðskiptum skal fylgja skrifleg greinargerð. Almennt krefst Kauphöllin fjögurra vikna fyrirvara til að taka fjármálagerninga úr viðskiptum en ef um er að ræða meiriháttar viðskipti með fjármálagerningana og stóran hóp eigenda getur Kauphöllin ákveðið að fresta því að fjármálagerningar hans verði teknir úr viðskiptum. Kauphöllin ákveður í hverju tilviki fyrir sig hvaða dag fjármálagerningar verða teknir úr viðskiptum.*

*Til þess að leggja mat á það hvort taka fjármálagerninga úr viðskiptum sé til þess fallin að valda fjárfestum verulegu tjóni eða hafa neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins kann Kauphöllin m.a. að fara fram á að útgefandi leiti eftir afstöðu eigenda fjármálagerninganna til töku þeirra úr viðskiptum. Kauphöllin getur ákveðið að fjármálagerningar verði ekki teknir úr viðskiptum, þrátt fyrir beiðni útgefanda samkvæmt*

*Ákvæði 3.7.1, ef líkur eru til að það myndi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins.*

3.7.2 Kauphöllin getur ákveðið einhliða að taka fjármálagerninga útgefandans úr viðskiptum í þeim tilfellum:

- 1) þegar farið hefur verið fram á gjaldþrotaskipti, slitameðferð eða sambærileg beiðni hefur verið lögð fram af útgefandanum eða þriðja aðila við dómstóla eða yfirvöld,
- 2) þegar útgefandi uppfyllir ekki skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta, að því gefnu að:
  - i. útgefandi hafi ekki lagfært stöðuna innan tíma sem Kauphöllin ákvarðar. Sá tími skal þó ekki vera lengri en sex mánuðir undir venjulegum kringumstæðum,
  - ii. engir aðrir möguleikar séu fyrir hendi til að lagfæra stöðuna,
  - iii. útgefandi uppfylli ekki skilyrðin að verulegu leyti,
- 3) þegar Kauphöllin telur að áframhaldandi viðskipti með fjármálagerninga útgefanda geti skaðað verðbréfamarkaðinn eða hagsmuni fjárfesta eða
- 4) þegar útgefandi hefur ekki greitt gjöld í samræmi við gjaldskrá Kauphallarinnar á gjalddaga.

### 3.8 Breytingar á reglum

Kauphöllin áskilur sér rétt til að fella reglur þessar úr gildi og breyta þeim. Breytingar skulu taka gildi 30 dögum eftir að Kauphöllin hefur tilkynnt útgefendum um þær og birt á vefsíðu Nasdaq. Vegna lagabreytinga og annarra minniháttar breytinga getur Kauphöllin ákveðið að breytingar taki gildi fyrr.

### 3.9 Gildistaka

Reglur þessar taka gildi fyrir útgefanda frá þeim tíma er fjármálagerningar hans hafa verið teknir til viðskipta í Kauphöllinni eða sótt hefur verið um að þeir verði teknir til viðskipta og skulu reglurnar gilda á meðan fjármálagerningarnir eru í viðskiptum í Kauphöllinni. Kauphöllin getur þó tekið ákvarðanir og beitt viðurlögum í samræmi við ákvæði 3.4 um brot á reglum í eitt ár eftir að fjármálagerningar útgefanda voru teknir úr viðskiptum telji hún að útgefandi hafi ekki uppfyllt reglurnar á meðan fjármálagerningar hans voru í viðskiptum.